

Fuglaverndarfélag Íslands  
Hólmfríður Arnardóttir  
Hverfisgötu 105  
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 28. október 2016  
UST201610-211/M.I.K.  
09.04.04

## Efni: Bygging salernishúss og bílastæðis á Lácey Dyrhólaeyjar

Vísað er til erindis Hólmfríðar Arnardóttur fyrir hönd Fuglaverndarfélags Íslands 19. ágúst sl. þar sem spurt er hvort að möguleiki sé á að færa byggingar frá fyrirhuguðum byggingarreit á Lácey. Er þar bent á að fyrirhuguð bygging á að vera staðsett í kríuvarpi, sem sé bagalegt þar sem krian hafi átt erfitt uppráttar og svæðið sé friðað vegna fuglalífs.

Umhverfisstofnun bendir á að Dyrhólaey var friðlýst sem friðland árið 1978. Í friðlýsingu kemur fram að óheimilt sé að skaða eða trufla dýralíf á svæðinu. Í friðlýsingunni er gefin sérstök heimild bænda til að nytja æðavarp, fýl og lunda svo sem verið hefur þó svo að notkun skotvopna sé bönnuð. Umhverfisstofnun hefur nýtt heimild til takmörkunar á umferð um svæðið frá 1. maí – 25. júní ár hvert sem er til komin til að vernda fuglalíf á varptíma sé sérstök ástæða til þess. Dyrhólaey þykir sérstök vegna þess landslags sem þar er en ferðamenn sækjast einnig eftir að virða fyrir sér fuglalíf í klettum, helst lundabyggðina.

Bygging salernishúss á Lácey Dyrhólaeyjar hefur lengi verið í umræðunni, m.a. í ráðgjafanefnd um friðlandið sem starfaði um skamma hríð. Fyrir liggur deiliskipulag frá 2005 og síðar breyting á deiliskipulagi frá júlí 2014 þar sem gert sé ráð fyrir salerni á fyrirhuguðum stað. Í deiliskipulaginu segir að fyrirhuguð staðsetning sé heppilegust staðsetning slíkrar byggingar og bílastæði enda sé þar fyrir hendi landrými og landslagsaðstæður sem bjóða upp á að fella byggingu og bílastæði vel að landinu. Deiliskipulagið var samþykkt úr skipulags- og byggingarnefnd Mýrdalshrepps þann 7. júlí 2014 með tveimur athugasemdum sem snéri að aðgengi hreyfihamlaðra og aðkomu björgunarliðs. Engar aðrar athugasemdir voru bókaðar.

Við deiliskipulagið var haft samráð við landeigendur og sveitarfélag og mismunandi aðrir kostir skoðaðir sem allir þóttu lakari en sá sem fyrir valinu varð. Á þeim tíma (2014) var varp kríunnar í mikilli lægð og óvíst hvort að varpið myndi rétta úr sér í eyjunni hvað þá á þessum stað. Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 2000 um fuglalíf í Dyrhólaey (NÍ-00003) kemur fram að „*kria er ein algengasta og útbreiddasta fuglategund landsins og er algengust við sjávarsíðuna. Í júní 1999 varp krian í tveimur byggðum í Dyrhólaey. Önnur byggðin er á um 1 ha svæði sunnan vegar úti eyna, í graslendi austan við lónið. Um er að ræða mjög þétt varp með um 600-700 hreiðrum. Hin byggðin var á austanverðri Lácey, í grasdal beggja vegna vegar sem liggur að Skoru. Það varp var ekki eins þétt því áætlað var að um 600 pör ættu sér hreiður á um 4 ha svæði*“. Af skýrslu Náttúrufræðistofnunar má dæma að kríuvarpið á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hafi ekki verið þéttasta kríuvarpið í Dyrhólaey og hafi einnig verið fremur dreift varp.


Umhverfisstofnun hefur nú í all nokkur ár staðið fyrir árlegri könnun á ástandi fuglalífs í Dyrhólai. Hafa þær kannanir verið forsenda ákvörðunar hvort að loka eigi fyrir umferð í Dyrhólai á vorin eða ekki. Krían hefur skv. þeim athugunum ekki náð fyrri stærð og hefur varpið verið nokkuð dreift.


Þegar ákvörðun um staðsetningu á umræddu húsi var tekin var sú ákvörðun m.a. byggð á þeim gögnum sem fyrir lágu eins og hér hefur verið greint frá. Krían er líkt og Náttúrufræðistofnun Íslands segir ein algengasta og útbreiddasta fuglategund landsins og er ekki á valista Náttúrufræðistofnunar.

Eins of fram hefur komið er með framkvæmdinni verið að bæta aðgengi og bæta úr mjög brýnni þörf fyrir salernisaðstöðu. Umhverfisstofnun hefur unnið að því að bæta stýringu innan friðlandins þannig að ferðamenn haldi sig innan merktra gönguleiða og þannig dragi úr álagi á fuglalíf á stærra svæði á eyjunni. Umhverfisstofnun mun halda áfram á þessari vegferð og mun fylgjast vel með hvort krían finni sér annan varpstað eða hvort fari þurfi í sértækar aðgerðir til að styðja við varp kríunnar í Dyrhólai.

Mat stofnunarinnar er því að ef vegnir eru hagsmunir svæðisins, sem er undir álagi af völdum ferðamanna, mikilvægi þess að stýra umferð og þannig draga úr álagi á lífríki svæðisins, nauðsyn þess að koma upp viðeigandi þjónustu og að teknu tilliti til verndarstöðu kríustofnsins og möguleika á mótvægisáðgerðum þá telur Umhverfisstofnun að hér sé verið að forgangsráða meiri hagsmunum fyrir minni. Stofnunin mun því halda áfram með fyrirhugaðar framkvæmdir við umrætt salernishús og bílastæði á Lágey Dyrhólai.

Virðingarfyllt,

  
Ólafur A. Jónsson  
sviðsstjóri

  
Gunnlaug H. Einarsson  
staðgengill forstjóra